

GREINARGERÐ

fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins

í málinu nr. 2/2021;

Fjallendi milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar

I. Inngangur

Fyrirsvar málsaðila

Undirritaður, Ívar Pálsson hrl., Landslögum, Borgartúni 26, Reykjavík, fer með mál þetta fyrir hönd fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins.

Framlögð skjöl

Af hálfu íslenska ríkisins er lögð fram greinargerð þessi.

Áskilinn er réttur til þess að leggja fram frekari gögn, þ.m.t. vegna gróðurfars.

II. Kröfugerð

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að viðurkennt verði að allt land innan eftirfarandi kröfupunkta verði úrskurðað þjóðlenda og allt til viðmiðunarmarka kröfusvæðis, sbr. eftirfarandi kröfulínur:

Veturlandafjall - Skeggi

Upphafspunktur er í fjallsbrún sem er í beinni sjónhendingu í Stapa sem ræður merkjum Hrafnabjarga og Stapadals (1). Þaðan eftir fjallsbrúnum Veturlandafjalls innst í Stapadal og að fjallsbrúnum sem liggja að fremstu daladrögum Haukadals sem ráða merkjum Haukadals (2). Þaðan eftir fjallsbrúnum Skorarfjalls að Skeggja (3). Þaðan ráða fjallsbrúnir í upphafspunkt.

Engar breytingar hafa verið gerðar á kröfum vegna kröfusvæðisins *Veturlandafjall - Skeggi* frá upphaflegri kröfulýsingu. Landeigendur Hrafnabjarga og Stapadals hafa gert athugasemdir við staðsetningu á kröfupunkti íslenska ríkisins nr. 1 og telja hann

ekki vera á landamerkjum jarðanna. Upphafspunktur íslenska ríkisins byggir á landamerkjabréfi Hrafnabjarga frá 30. maí 1890 þar sem segir að „milli Hrafnabjarga að innanverðu og Stapadals að utan eru landamerki í stóran standklett í fjörunni milli bæjanna, er kallaður er „Stapi“, og bein sjónhending í fjallið.“ Ekki hafa komið fram skýringar hvar landeigendur telja örnefnið „Stapi“ vera að finna. Framsetning á kröfupunkti nr. 1 byggir á staðsetningu örnefnisins eins og það birtist á kröfukorti. Komi fram nánari skýringar á staðsetningu örnefnisins undir rekstri málsins er byggt á því að punktur íslenska ríkisins nr. 1 hliðrist þannig að hann sé í beinni línu við örnefnið án þess þó að það hafi áhrif á kröfusvæðið.

Skjöldur/Bæjarfjall og Þverfjall

Upphafspunktur er í Hlíðarstandi stenbergskletti sem er í beinni sjónhendingu í klett niður í fjöru sem kallast Litla barð (1). Þaðan í fjallsbrúnir sem ráða áfram fram Lokinhamradal í landamerki Haukadals á fjallsbrúnum Þverfjalls (2). Þaðan eftir fjallsbrúnum í Hálfánargjá sem ræður merkjum Arnarnúps og Hrauns í Keldudal (3). Þaðan eftir fjallsbrúnum í upphafspunkt.

Engar breytingar hafa verið gerðar á kröfum á kröfusvæðinu *Skjöldur/Bæjarfjall og Þverfell* frá upphaflegri kröfulýsingu.

Tóarfjall, Hrafnhyrna, Helgafell, Skálarfjall og Geldingardalshorn

Upphafspunktur er í Hafnarskarði sem ræður merkjum Salvoga og Hafnar (1). Þaðan ráða fjallsbrúnir í fjallsbrún sem er í sjónhendingu í uppsprettu lækjar innan til við Ófærunef sem ræður merkjum Hafnar og Hrauns (2). Þaðan eftir fjallsbrúnum í Hundhornsgjótu sem ræður merkjum Hrauns og Skálarár (3). Þaðan í fjallsbrún sem er í sjónhendingu í merkisstein í Hvilftarbrekkum, sem ræður merkjum Skálarár og Saura (4). Þaðan eftir fjallsbrúnum um Geldingshorn og í upphafspunkt.

Engar breytingar hafa verið gerðar á kröfum á kröfusvæðinu *Tóarfjall, Hrafnhyrna, Helgafell, Skálarfjall og Geldingardalshorn* frá upphaflegri kröfulýsingu.

Eyrarfjall og Seljafjall

Upphafspunktur er í fjallsbrún sem er í beinni sjónhendingu í Ófærusker sem ræður merkjum Arnarnúps og Sveinseyrar (1). Þaðan ráða fjallsbrúnir Eyrarfjalls að Haukadalsfelli sem ræður merkjum að Haukadal (2). Þaðan ráða fjallsbrúnir Seljafjalls og eftir fjallsbrúnum í Keldudal og í upphafspunkt.

Engar breytingar hafa verið gerðar á kröfum á kröfusvæðinu *Eyrarfell og Seljafjall* frá upphaflegri kröfulýsingu.

Íslenska ríkið hafnar öllum kröfum, hvort sem það er um bein eða óbein eignarréttindi, nema annað hafi verið tekið fram hér að framan.

III. Málavextir

Um málavexti vísar íslenska ríkið til framlagðar kröfulýsingar, dags. 15. september 2020. Í kjölfarið voru kröfur íslenska ríkisins kynntar af hálfu óbyggðanefndar með tilskyldum hætti. Var þeim sem töldu sig eiga kröfu á kröfusvæðinu veittur frestur til 1. febrúar 2021 til að leggja fram kröfur.

Eftirfarandi kröfur bárust vegna kröfusvæðis Veturlandafjalls og Skeggi:

Anika Jónína Ragnarsdóttir, Bergþóra Árný Ragnarsdóttir, Anna Skarphéðinsdóttir og Ragnar Ármannsson vegna Stapadals.

Anika Jónína Ragnarsdóttir, Bergþóra Árný Ragnarsdóttir, Höskuldur Ragnarsson og Anna Skarphéðinsdóttir vegna Hrafnabjarga í Lokinhamradal.

Eignarhaldsfélagið Ystibær ehf., Jón Guðmundsson og Grétar Guðmundsson vegna Haukadals. Eigendur jarðarinnar eru dánarbú Sigurlaugar Helgu Leifsdóttur og Álfheiður E. Sigurðardóttir. Ystibær ehf. virðist eiga afmarkaðan skika af jörðinni og hús sem þar er. Skýra þarf aðild þeirra.

Eftirfarandi kröfur bárust vegna kröfusvæðis Skjöldur/Bæjarfjall og Þverfjall:

Anika Jónína Ragnarsdóttir, Bergþóra Árný Ragnarsdóttir, Höskuldur Ragnarsson, Anna Skarphéðinsdóttir og Helgi Magnús Gunnarsson vegna Lokinhamra.

Kristjana Sigríður Vagnsdóttir, Kristín Gunnarsdóttir, Ólafur Bjarnason og Eva Þórðardóttir vegna Hrauns í Keldudal.

Kristjana Sigríður Vagnsdóttir vegna Arnarnúps í Keldudal.

Eignarhaldsfélagið Ystibær ehf., Jón Guðmundsson og Grétar Guðmundsson vegna Haukadals. Eigendur jarðarinnar eru dánarbú Sigurlaugar Helgu Leifsdóttur og Álfheiður E. Sigurðardóttir. Ystibær ehf. virðist eiga afmarkaðan skika af jörðinni og hús sem þar er. Skýra þarf aðild þeirra.

Eftirfarandi kröfur bárust vegna kröfusvæðis Tóarfjall, Hrafnhyrna, Helgafell, Skálarfjall og Geldingardalshorn:

Anika Jónína Ragnarsdóttir, Bergþóra Árný Ragnarsdóttir, Höskuldur Ragnarsson, Anna Skarphéðinsdóttir og Helgi Magnús Gunnarsson vegna Lokinhamra.

Þorvaldur Jón Ottósson vegna Svalvoga.

Matthías Ottósson vegna Hafnar á milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar.

Kristjana Sigríður Vagnsdóttir, Kristín Gunnarsdóttir, Ólafur Bjarnason og Eva Þórðardóttir vegna Hrauns í Keldudal.

Ragnar Ólafur Guðmundsson og Sigurður B. Guðmundsson vegna Skálarár í Keldudal.

Kristjana Sigríður Vagnsdóttir og Kristín Gunnarsdóttir vegna Saura í Keldudal

Eftirfarandi kröfur bárust vegna kröfusvæðis Eyrarfjall og Seljafjall:

Kristjana Sigríður Vagnsdóttir vegna Arnarnúps í Keldudal.

Skjöldur – Sveinseyri, félag vegna Sveinseyris við Dýrafjörð. Benda má á að félagið er ekki eigandi jarðarinnar. Skýra þarf aðild þess að málinu.

Eignarhaldsfélagið Ystibær ehf. vegna Miðbæjar í Haukadals, Jón Guðmundsson og Grétar Guðmundsson vegna Hallarinnar í Haukadals. Ekki liggja fyrir gögn um að greindir aðilar séu eigendur jarðarinnar. Skýra þarf aðild.

IV. Málsástæður

Um málsástæður og heimildir er vísað til kröfulýsingar, dags. 15. september 2020 og sögulegrar greinargerðar Þjóðskjalasafns Íslands. Íslenska ríkið byggir á að framangreind landssvæði sem kröfur ríkisins ná til séu svæði utan eignarlanda því þjóðlendur, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998.

Við afmörkun kröfulínu á kröfusvæði *Veturlandafjall og Skeggi* var fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum Stapadals, Hrafnabjarga og Haukadals. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er að mestu í rúmlega 600m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

Við afmörkun kröfulínu á kröfusvæði *Skjöldur/Bæjarfjall og Þverfjall* var fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra, Salvoga, Lokinhamra, Haukadals, Arnarnúps og Hrauns. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er að mestu í rúmlega 600m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

Við afmörkun kröfulínu á kröfusvæði *Tóarfjall, Hrafnhyrna, Helgafell, Skálarfjall og Geldingardalshorn* var fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra, Salvoga, Hafnar, Hrauns, Skálarár og Saura.

Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er að í rúmlega 450-810m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað. Kröfu um frávísun er mótmælt. Skortur á tilgreiningu aðliggjandi jarðar, Lokinhamra, að kröfusvæðinu hefur ekki leitt til réttarspjalla fyrir gagnaðila.

Við afmörkun kröfulínu á kröfusvæði *Eyrarfjall og Seljafjall* var fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra þ.e., Arnarnúps, Sveinseyrar og Haukadals. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er lægst í um 500m hæð og í allt að tæplega 810m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

V. Lagarök

Um lagarök er aðallega vísað til þjóðlendlaga nr. 58/1998 auk 72. gr. stjórnarskrárinnar. Byggt er á meginreglum eignarréttar um nám, töku og óslitin not, meginreglna um eignarráð fasteignaeigenda, almennra reglna samninga- og kröfuréttar, auk hefðarlaga nr. 14/1905. Þá er vísað til laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986 auk ýmissa eignarréttarreglna Grágásar og Jónsbókar.

VI. Sönnunargögn

Vísað er til framlagðra skjala og hliðsjónargagna óbyggðarnefndar. Áskilinn er réttur til að leggja fram ný sönnunargögn ef tilefni gefur til.


VII. Áskoranir og sérstakur áskilnaður

Áskilinn er réttur til að koma að frekari gögnum, rökum og málsástæðum undir rekstri málsins fyrir óbyggðanefnd. Þá er áskilinn réttur til að leiða vitni við aðalmeðferð.

Sérstakur fyrirvari er gerður vegna einstakra landamerkjalyýsinga, sem talið er af hálfu íslenska ríkisins að séu í samræmi við þjóðlendukröfulínu, ef í ljós kemur að svo reynist ekki vera.

Reykjavík, 30. júní 2022

F.h. fjármála- og efnahagsráðherra,
vegna íslenska ríkisins,



Ívar Pálsson hrl.